

Umferðarkannanir

1985 – 2002

Kjartan Þórðarson

Samantekt erindis

Umferðarkannanir er eitthvað sem flestir kannast við og hefur fylgt umferðarmeningunni hvert sumar í tæp 20 ár. Umferðarráð hefur, með aðstoð lögregluþyrvalda um allt land, staðið fyrir þessum könnunum og safnað gögnum varðandi aðstæður ökumanns og farþega og ástand bifreiðar í umferðinni á tímabilinu 1985 til 2002.

Fylgst hefur verið með þróun umferðatengdra atriða og athugaður árangur af herferðum, lagasetningum og átaksverkefnum í umferðarfræðslu og áróðri.

Umferðarkannanir hafa veitt lögreglu tækifæri á að gera skyndikönnun á atriðum sem varða öryggi ökumanns og farþega og á búnaði bifreiða og hjálpað þannig við almennt vegaefirlit.

Niðurstöður hafa verið gefnar út ár hvert og stöku sinnum gerð yfirlit nokkurra ára í senn.

Þessar kannanir hafa verið lagðar skipulega fyrir allt frá árinu 1985 með úrtaksstærð um 1500 - 2000 ökumenn ár hvert. Fyrir liggur því mikið magn upplýsinga um þessi atriði umferðakannanna á tímabilinu. Þessar kannanir hafa vakið athygli víða í nágrenni löndum okkar og hafa t.d. Færeyingar lagt fyrir samsvarandi umferðarkönnun um skeið. Rannsóknarráð umferðaröryggismála (Rannum) hefur styrkt úrvinnslu og greiningu þessara gagna og fjallar erindi um niðurstöðu þeirrar vinnu. Verkefnið unnu Kjartan Þórðarson sérfræðingur, Umferðarstofu og Valdimar Briem, rannsóknardósent við Háskólann í Lundi, Svíþjóð.

Gögnin fyrir árin 1990 – 2002 samanstanda af alls 19.117 tilfellum þar sem ökumenn hafa verið stöðvaðir og þeir svarað sérstökum spurningalistum. Ef með eru talin gögn frá fyrra tímabilinu 1985 – 1989 ná umferðarkannanir til 30.287 ökumanna.

Í erindi eru raktar helstu niðurstöður varðandi atriði umferðakannana frá árinu 1985 fram til 2002 og þær tengdar við breytingar í löggjöf á sviði umferðarmála.

Þá er gerður samanburður á samsvörum milli kyn- og aldursskiptingu ökumanna sem voru í umferðinni á þessum tíma og hversu mikið þeir hópar koma við sögu í umferðarslysum á sama tíma. Helstu niðurstöður í þeim samanburði eru að karlar eru tvöfalt meira í umferðinni og í miklum meirihluta í efstu aldurshópunum. Áhættuhópar ökumanna eru yngsti aldurshópurinn 17-24 ára og þeir elstu, yfir 65 ára. Engin munur virðist á áhættu milli kynja í yngri hópum en mikill mismunur í eldri hópum konum í óhag.

Umferðarkönnun með þessu sniði var lögð niður 2003.